

Minnisblað varðandi húsnæðismál á Akranesi

Faxaflóahafnir sf. eiga neðangreint hús á Akranesi sem byggt var um árið 1980 fyrir



starfsemi Akraneshafnar. Húsið er á tveimur hæðum, steinsteypt og um 100 m² að grunnfleti. Á efri hæð er aðstaða starfsmanna og á neðri hæð rými til smærri viðgerða.

Faxaflóahafnir sf. eiga einnig fasteignina Faxabraut 5 sem hýsir Fiskmarkað Íslands hf. Að auki eiga Faxaflóahafnir sf. einkahlutafélagið Halakot, sem byggði fasteignina Faxabraut 3. Í því húsi eru sex einingar og hafa fjórar þeirra verið seldar en tvær eru enn í eigu Halakots ehf.

Í viðræðum fulltrúa Faxaflóahafna sf. við fulltrúa Akraneskaupstaðar

hefur m.a. verið rætt um með hvaða hætti megi koma af stað hafsækinni ferðapjónustu í Akraneshöfn. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar í þeim efnum og m.a. sú að bjóða Faxabraut 1 til sölu (eða leigu) undir veitingastarfsemi. Lauslegt mat liggur fyrir um markaðsverðmæti hússins.

Ef af sölu hússins verður þá eru sú leið fær að endursemja við Fiskmarkað Íslands og koma starfsmannaaðstöðu fyrir í fasteigninni Faxabraut 5 og nýta eina einingu í eigu Halakots ehf. undir viðgerðaraðstöðu. Það fyrirkomulag má ætla að henti fiskmarkaðnum.

Í samhengi við sölu Faxabrautar 1 er spurning hvort leita eigi eftir kaupum á svonefndri „þökkunarskemmu“ Sementsverksmiðjunnar sem er niður við höfnina. Ekki liggja fyrir hugmyndir um verð á því húsi, en ljóst er að endurnýja þarf ytra byrði skemmunnar. Framtíðaráætlun gæti hins vegar gert ráð fyrir að fiskmarkaðurinn flytjist í hluta þess húss, sem yrði ákjósanlegt fyrir starfsemina. Þá hefur um alllangt skeið verið rætt við HB Granda hf. um nýtingu á mjólskemmu vestan Hafnarhússins – en án árangurs að svo stöddu.









Ef stuðla skal að ferðaþjónustu í Akraneshöfn er ljóst að breyta þarf notkun einhverra húsa á svæðinu, en sem stendur er ekki mikið líf í þeim byggingum sem liggja með Faxabraut. Að auki þyrfti skipulag svæðisins að gera ráð fyrir rými fyrir ferðaþjónustu.

5. september 2013

Gísli Gíslason, hafnarstjóri



- Nr. 1: Mjölskemma HB Granda hf.
- Nr. 2: Hafnarhúsið - Faxabraut 1
- Nr. 3: Halakot – Faxabraut 3
- Nr. 4: Fiskmarkaður Íslands – Faxabraut 5
- Nr. 5: „Pökkunarskemma“ Sementsverksmiðjunnar.



FLATARMÁL:	1 HÆE	103,3 m ²	RÚMÁL:	331,9 m ³
	2 HÆE	107,1 m ²		279,5 m ³
		815		114,0 m ³
				78,7 m ³

HAFFARHÚS 20¹ BAKKARÓ, HILFJÓRÐUR
 HAFNARHÚS 20² DÁLAMANNAR
 FARNHÚSIÐ 20³ SÁLALINGUR
 KLÉBNINGAR: BEHANDI ÓT OG INNREGGIR FL NR 1
 ÓLUNJAFÖTUR: ÚTVEÐIR 0,20 W / m² C²
 GRÁF: 0,06
 GUGGAR: 0,20
 VEIÐI: HÉDLITAL 0,80

VERMISST: HAFNARHÚS, (FAXXABRAUT) ÁRRANESI
 VERKJÓFNI: 1100 AFSTAÐA 1500
 MÖRUVANIR: 16. DES. 1980
 DÆGISTÖNN: 80 141 01
 BRÉTTI: 9/2 91
 TIL: 81